

**Nd.**

**589. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Enn fremur skulu jeppbifreiðar, sem aðallega eru notaðar við landbúnaðarstörf, undanþegnar þessum skatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Eins og kunnugt er, hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því, að til landsins verði fluttar svonefndar jeppbifreiðar, sem eingöngu eru ætlaðar bændum til heimilisnota og landbúnaðarstarfa. Bifreiðar þessar munu vera mjög hentugar við ýmiss konar landbúnaðarstörf. Eru því margar umsóknir komnar frá bændum víðsvegar um landið um þessar bifreiðar. Þótt bifreiðarnar séu mjög dýrar, sækjast bændur eftir þeim í von um að geta með því móti haldið framleiðslunni áfram þrátt fyrir fólkskulu og ýmsa fleiri erfiðleika. Rekstur bifreiðar yfirleitt er mjög dýr. Skattar eru miklir á þeim, og mun landbúnaðarframleiðslan tæplega þola slík útgjöld. Það er ekki heldur nein sanngirni í því að innheimta bifreiðaskatt af bifreið, sem aðallega er notuð við heimilið í þágu framleiðslunnar, svo sem jarðvinnslu, heyskap og annað snertandi landbúnaðinn. Það má ekki eiga sér stað að skattleggja þessar bifreiðar, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.